

SAMKOMULAG

Undirrituð, Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, hér á eftir nefndur bærinn og Þrastarverk ehf, kt. 540502-5870, hér á eftir nefnt Þrastarverk gera með sér eftirfarandi

samkomulag

1.gr.

Á bæjarstjórnarfundi 16. október 2013 var Þrastarverki úthlutað lóðinni nr. 5 við Bergsskarð. 23. janúar 2014 voru úthlutunarskilmálar og lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar undirrituð. Lóðarleigusamningnum var þinglýst 28. janúar 2014, þinglýsingarnr. 436-Z-000252/2014. Lóðarverð kr. 40.062.228 miðað við 1.440 m², 12 íbúðir hefur þegar verið greitt.

2.gr.

Á bæjarráðsfundi 11. ágúst 2016 var í umboði bæjarstjórnar aðal- og deiliskipulagi í Skarðshlíð 1. áfanga breytt og er hin úthlutaða lóð nr. 5 við Bergsskarð ekki lengur til í deiliskipulagi.

3.gr.

Aðilar eru sammála um að í stað hinnar úthlutaðu lóðar, sem Þrastarverk afhendir nú til bæjarins, fái Þrastarverk úthlutað lóðinni nr. 1 við Brenniskarð, landnr. 213465. Um er að ræða 5.581,9 m² lóð þar sem byggja skal tvö hús. Annars vegar 4 hæða hús með 10 íbúðum og hins vegar 5 hæða hús með 22 íbúðum og bílakjallara, sjá nánar í fylgiskjali með samkomulagi þessu.

4.gr.

Endurgreiðsluverð fyrir Bergsskarð 5, m.v. ágúst vísitölu 2016, 12 íbúðir x kr. 3.484.642 skv. eldri gjaldskrá sem er m.v. 1.440 m² kr. 41.815.704 fer sem inneign inn á lóðina nr. 1 við Brenniskarð.

Þrastarverk greiðir vegna 20 íbúða skv. nýrri gjaldskrá sem var samþykkt í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar þann 11. ágúst 2016 þá er lágmarksverð m.v. allt að 75 m² íbúð kr. 67.128.440 (kr. 3.356.422 x 20 íbúðir) m.v. ágúst vísitölu 2016. Fyrir hvern m² umfram 75 á íbúð, af 20 íbúðum eru greiddar kr. 44.752 m.v. vísitölu ágúst 2016.

Fyrir bílakjallara greiðir Þrastarverk 25% af kr. 30.857 fyrir hvern fermetra í húsi, skv. gjaldskrá gatnagerðargjalda m.v. vísitölu í ágúst 2016, sbr. 4. tl. 5. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Hafnarfjarðarkaupstað nr. 242/2016.

5.gr.

Samhliða samkomulagi þessu er undirrituð beiðni um afskráningu á lóðarleigusamningi vegna Bergsskarðs 5, landnr. 213463, fastanr. 233-0584. Þrastarverk afhendir lóðina Bergsskarð 5 veðbandalaus til bæjarins.

Til staðfestu samkomulagi þessu undirrita aðilar það í viðurvist vitundarvotta.

Hafnarfirði,

2016

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

f.h. Þrastarverks ehf

Haraldur L. Haraldsson, bærarstjóri

Þröstur Valdimarsson, stjórnarmaður

Vitundarvottar að rétttri dags.,
undirritun og fjárræði aðila: